

## Efnisyfirlit

Stærðarmörk krókaaflamarksbáta óbreytt .....	2
Makrílveiðar.....	2
Makrílnefnd LS .....	2
VS afli.....	3
VS afli ráðstöfun tekna .....	3
Sjómannaafsláttur .....	3
Veiðigjöldum hafnað .....	4
Veiðigjöld lögmæti .....	4
Markaðsstarf.....	4
Evrópusambandið .....	4
Reglugerð – reglugerðahólf - lokanir .....	5
Veðurathugunarstöð .....	5
Dragnót.....	6
Umhverfissamtök .....	6
Hvalveiðar .....	6
Fjarskipti .....	6
Stjórn Hafransóknastofnunarinnar.....	6
Smáfiskveiðar á handfæri .....	6
Viðmiðunarmörk .....	7
Slæging sem vinnsla .....	7
Skyndilokanir – stærðarmörk.....	7
Reglur um skiptimarkað.....	7
Hvalveiðar til þróunaraðstoðar .....	7
Síldveiðar – umgengni á hafsbotni .....	8

## Stærðarmörk krókaflamarksbáta óbreytt

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda samþykkir að stærðarmörk krókaflamarksbáta verði óbreytt.

## Makrílveiðar

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda ályktar að makrílþottur fyrir smábáta þ.e. báta undir 15 brt. verði aukinn í 18% af heildarafla í makríl, þ.e. að lágmarki 20.000 tonn í svipaðri fyrirmynd og þekkist erlendis, t.d. í Noregi.

### Greinargerð.

- a. Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar í nokkur ár. Þeir bátar sem stunduðu þessar veiðar á sl. fiskveiðiári gerðu það með mjög góðum árangri. Ljóst er að mjög hagkvæmt er að veiða makríl á handfæri miðað við önnur veiðarfæri. Mikill áhugi er fyrir þessum veiðum og mjög margir hafa hug á þeim á næsta ári. Samtímis því sem kaupendum sem hafa áhuga vegna gæða hans fer ört fjölgandi, mun úthlutun eins og hún hefur verið, engan veginn fullnægja þeirri þörf sem er fyrir þennan bátaflokk.
- b. Helstu rök fyrir auknum veiðiheimildum til smábáta í makríl eru:
  - Veiðarnar eru umhverfisvænar
  - Þær skila hágæða hráefni
  - Þær eru mannaflsfrekar - atvinnuskapandi
  - Þær afla mikillar þekkingar um göngur makríls á grunnslóð
  - Makrill étur mikið af seiðum svo sem grásleppu-, þorsk- og ýsuseiðum, sandsíli, rauðátu, ljósátu og smásíld. Og ekki má gleyma laxaseiðum.

## Makrílnefnd LS

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að kosin verði nefnd sem fjallar um málefni makrílveiðimanna. Nefndin starfi milli aðalfunda og verði skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Framkvæmdastjóri LS starfi með nefndinni og sjái um boðun funda.

Makrílnefnd LS:

Unnsteinn Þráinsson	Siggi Bessa SF
Halldór Kristinsson	Sæhamar SH
Einar Þorsteinn Pálsson	Tumi EA
Davíð Freyr Jónsson	Fjóla GK
Sigurður Hlöðversson	Hlöddi VE

Varamenn:

Davíð Bredesen	Patreksfjörður
Ásmundur Skeggjason	Stykkishólmur
Heiðar Magnússon	Ólafsvík
Klemens Einarsson	Reykjanesbæ

## VS aflí

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs. SP

## VS aflí ráðstöfun tekna

Aðalfundur Landssambands smábátæigendur leggur til að VS afla verði hægt að skipta í þrennt – 40% fari í AVS, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánaðnað líknarsamtökum, góðgerðarsamtökum eða styrktarsjóðum 40%.

## Sjómannaafsláttur

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðinu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar.

Fyrirhugað afnám sjómannaafsláttar mun auka þessa tekjuskerðingu enn frekar og skorar fundurinn á ráðherra að kanna aðrar leiðir í þessu sambandi, t.d. með dagpeningagreiðslum, hærri persónuafslætti eða öðrum sambærilegum skattaívilnunum.

## Veiðigjöldum hafnað

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda beinir því til aðalfundar LS að félagið berjist af mikilli hörku gegn þeirri ofurskattlagningu í formi veiðigjalda sem stjórnvöld hafa nú lagt á sjávarútveginn og mun smá saman draga allan mátt úr greininni og verða til þess að íslenskur sjávarútvegur mun dragast aftur úr keppinautum sínum erlendis.

## Veiðigjöld lögmæti

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda styður hugmyndir formanns LS um rannsókn á auðlindagjaldi. Í því sambandi er vísað til samþykktar stjórnar LS frá fundi hennar í júlí 2012:

„Stjórn LS samþykkir að fengið verði lögfræðilegt álit á því hvort sérstakt veiðigjald standist stjórnarskrá og lög. Sé niðurstaða slíks álits að gjaldið standist ekki, mun stjórn LS taka ákvörðun um framhald málsins“.

## Markaðsstarf

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á stjórnvöld að veita stórauknum fjármunum til markaðsstarfs fyrir sjávarafurðir.

### Greinargerð.

Það er mat aðalfundar LS að samkeppni fari mjög harðnandi á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Helstu samkeppnisaðilar okkar hafa nú þegar hafið gríðarlega markaðssókn sem gæti leitt til þess að neytendur taki þeirra vörur fram yfir sjávarafurðir héðan. LS telur brýnt að svara þessu strax með auknu fjármagni til markaðsmála

## Evrópusambandið

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að hafna alfarið inngöngu Íslands í Evrópusambandið og mótmæli aðildarumsókninni harðlega.

## Reglugerð – reglugerðahólf - lokanir

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skila til félagsins álitum um lokun svæðis fyrir togveiðum vestur úr Sandgerði og suður úr Grindavík.

### Greinargerð.

Reykjanes hefur í áraraðir farið fram á lokun svæðisins en aldrei fengið skýr svör hvers vegna það er ekki gert.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda krefst þess að reglugerðahólf verði opnuð, standist mælingar á svæðinu.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda óskar eftir því að Landssambands smábátæigenda beiti sér af fullum þunga að láta opna reglugerðarhólf fyrir línuveiðum út af Suðausturlandi (svokölluð keiluhólf).

### Greinargerð.

Óvíða umhverfis landið eru jafn stór svæði lokuð línuveiðum og fyrir Suðausturlandi í yfirsýni þess að verið sé að friða keilu. Lokanir þessar eru farnar að hamla línuveiðum á þessu svæði verulega. Innan hólfa eru góð mið bæði þorsks og ýsu og keila í minnihluta aflans.

## Veðurathugunarstöð

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda vill að Landssambands smábátæigenda beiti sér áfram í því að komið verði upp veðurathugunarstöð á Reynisfjalli.

## Dragnót

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda ályktar að dregin veiðarfæri svo sem dragnót (snurvoð) verði alfarið sett undir sömu lög og skilyrði og aðrar togveiðar fyrir Suðurlandi. Þar verði miðað við 3 - 4 sml. eftir stærð fyrir Suðurlandi.

## Umhverfissamtök

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda mótmælir rangfærslum umhverfissamtaka um fiskveiðar. Samtökin hafa löngu sýnt að þau hafa litla sem enga innsýn inn í fiskveiðistjórnun og það umhverfi sem íslenskir fiskimenn starfa í.

## Hvalveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda styður veiðar á hval og hvetur stjórnvöld til að fylgja málinu eftir.

## Fjarskipti

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda leggur til að LS beiti sér fyrir bættum fjarskiptum á fiskimiðunum umhverfis landið (talstöð og gsm).

Greinargerð.

Í fjarskiptaáætlun 2005-2010 var gert ráð fyrir að langdræg stafræn farsímapjónusta stæði til bóta á miðum við landið eftir að síminn hætti rekstri NMT kerfisins 1.september 2010.

## Stjórn Hafransóknastofnunarinnar

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda mótmælir því að hagsmunaaðilar sitji í stjórn Hafró. Meðan óbreytt fyrirkomulag varir krefst aðalfundur LS að fulltrúi frá LS komi inn í stjórn Hafransóknastofnunarinnar.

## Smáfiskveiðar á handfæri

Aðalfundur Landssamband smábátaeigenda beinir þeirri eindregnu áskorun til handfæraveiðimanna að þeir leggist ekki í smáporsk upp í fjörum.

### Greinargerð.

Síðasta sumar gerðist nokkrum sinnum að skyndilokunum var beitt vegna mjög hás hlutfalls smáfisks frá handfærabátum í strandveiðum. Þetta hefur þær afleiðingar að veiðisvæði lokast á þá sem ekki stunda slíkan veiðiskap.

Linni þessu ekki hlýtur LS að kanna hvort möguleiki sé á því að í stað þeirra aðferða sem beitt er í dag verði viðkomandi bátar sviptir veiðileyfi séu þeir ítrekað staðnir að því að leggjast í smáporsk.

### **Viðmiðunarmörk**

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda skorar á Hafransókanastofnun að endurskoða viðmiðunarmörk við skyndilokanir í keilu við úr 55 cm í 50 cm.

### **Slæging sem vinnsla**

Aðalfundur Landssamband smábátæigenda skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að slæging verði viðurkennd sem vinnsla við úthlutun byggðakvótaívilnun

### **Skyndilokanir – stærðarmörk**

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda skorar á Hafrannsóknastofnun að endurskoða stærðarmörk á þorski sem stuðst er við við ákvörðun skyndilokana úr 55 cm í 50 cm

### **Reglur um skiptimarkað**

Aðalfundur Landssambands smábátæigenda fer þess á leit við ANR að breytt verði reglum um skiptimarkað þ.a. í stað þess að skylt sé að láta frá sér ákveðna prósentu af þorski, ýsu, ufsa og steinbít verði miðað við þorskígildi.

### **Hvalveiðar til þróunaraðstoðar**

Aðalfundur LS 2012 skorar á stjórnvöld að styðja við að efla hvalveiðar með því að setja á fót niðursuðu og gefa afurðirnar til þróunaraðstoðar.

Greinargerð: Úr einum hval fást um 70 þús. máltíðir

## Síldveiðar – umgengni á hafsbotni

Aðalfundur LS 2012 samþykkir að beita sér fyrir því að könnuð verði umgengni á hafsbotni, þar sem stundaðar eru síldveiðar inn á flóum og fjörðum.

Greinargerð: Sterkur grunur leikur á að umgengni við þessar veiðar séu ekki til fyrirmyndar.

## Línuívilnun

Aðalfundur LS 2012 samþykkir að óska eftir að línuívilnun í ýsu verði aukin